



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2016

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um nýfjárfestingar - skjal nr. 505 - mál 372

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styðja þau megin sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni og þeim sex áherslupáttum sem hún byggir á.

Í tillögunni er ekki gert grein fyrir nauðsynlegu umfangi og kostnaði við aðgerðir, en samtökin telja að þörf sé fyrir nokkra fjármuni í því sambandi ef skila á árangri.

Í ályktuninni kemur fram „að skýra þyrfti betur hlutverk og samstarf hlutaðeigandi aðila“ og að „gerðir verði samstarfssamningar við þar til bæra aðila um nánari útfærslur einstakra þátta“ á grundvelli þeirrar stefnu sem fram kemur í þingsályktuninni. Undir þetta taka samtökin benda m.a. á að útfæra þurfi áætlun í samræmi við áherslur í nýjum greinum og leggja til að sjónarmið þeirra verði styrkt með formlegri aðkomu.

Samtökin benda í þessu sambandi á nýja framtíðarsýn og stefnumótun Hátækni- og sportavettvangs sem starfræktur er í samstarfi SI og starfsgreinahópa í tækni- og hugverkaiðnaði við iðnaðarráðuneyti og önnur ráðuneyti.

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins styðja þingsályktunartillöguna og lýsa sig reiðubúin til þátttöku í framkvæmd áætlunar á grunni hennar enda séu tryggðir fjármunir til að hrinda henni í framkvæmd.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins,

f.h. Samtaka atvinnulífsins